



Greinargerð með
fjárhagsáætlun Sandgerðisbæjar
2014-2017

Sigrún Árnadóttir, bærarstjóri
2. desember 2013

Efnisyfirlit

INNGANGUR	3
FORSENDUR FJÁRHAGSÁÆTLUNAR	4
A- OG B- HLU TI BÆJARSJÓÐS	6
A HLU TI – AÐALSJÓÐUR OG EIGNASJÓÐUR	7
00 Skatttekjur	7
02 Félagsþjónusta	7
04 Fræðslu- og uppeldismál	8
05 Menningarmál	8
06 Æskulýðs- og íþróttamál	9
07 Brunamál og almannavarnir	9
09 Skipulags- og byggingamál	10
10 Umferðar- og samgöngumál	10
11 Umhverfismál	10
13 Atvinnumál	11
20 Framlög til B-hluta fyrirtækja	11
21 Sameiginlegur kostnaður	11
31 Eignasjóður	12
33 Þjónustustöð	12
B – HLU TA FYRIRTÆKI	12
41 Hafnarsjóður	12
43 Vatnsveita	12
57 Félagslegar íbúðir	13
61 Fráveita	13
31 Framkvæmdir / fjárfestingar	13
FJÁRHAGSÁÆTLUN 2014-2017	13

INNGANGUR

Á fundi bæjarráðs 23. nóvember var fjárhagsáætlun Sandgerðisbæjar fyrir árin 2014 til 2017 vísað til seinni umræðu bæjarstjórnar sem fram fer 3. desember. Fjárhagsáætlunin og greinargerð um hana er hér lögð fram með þeim breytingum sem orðið hafa á milli fyrri og seinni umræðu.

Samkvæmt lögum ber að ljúka fyrri umræðu fyrir 1. nóvember og seinni umræðu skal lokið eigi síðar en 15. desember.

Formleg vinna við fjárhagsáætlun hófst á fundi bæjarráðs 27. ágúst og var til vinnslu á sjö fundum ráðsins. Auk þess komu nefndir og ráð að vinnunni með umfjöllun um áherslur og útgjöld til málaflokkanna. Fjárhagsáætlun hefur verið til umræðu á tveimur fundum bæjarstjórnar auk þessa fundar. Á deildarstjórafundi 6. september hófst formlega vinna stjórnenda við fjárhagsáætlun og var á þeim fundi lögð fram samantekt með leiðbeiningum um vinnuna ásamt markmiðum og tímasetningum. Íbúafundur var haldinn 6. nóvember um fjárhagsáætlunina enda var sett inn nýtt ákvæði við gerð nýrra samþykktu um stjórn og fundarsköp Sandgerðisbæjar að halda skyldi íbúafundi um fjárhagsáætlun milli fyrstu og annarrar umræðu í bæjarstjórn.

MARKMIÐ FJÁRHAGSÁÆTLUNAR

Allt þetta kjörtímabil hefur verið unnið að því að koma rekstrar- og skuldamálum bæjarfélagsins í betri og viðráðanlegri stöðu. Við undirbúning og gerð fjárhagsáætlunar á árinu 2010 fyrir árin 2011 til 2014 tók bæjarstjórn ákvörðun um að stefnt skyldi að hallalausum rekstri bæjarfélagsins og á sama tíma standa vörð um grunnþjónustu og aðra nauðsynlega þjónustu við bæjarbúa. Ákveðið var að stefna að því að hætta að nýta fé úr Framtíðarsjóði (Velferðarsjóði) til reksturs bæjarfélagsins. Jafnframt hefur verið ákveðið að kaupa til baka eignir sem seldar höfðu verið og síðan leigðar af Eignarhaldsfélaginu Fasteign. Unnið hefur verið samkvæmt þessari stefnu og hefur hún skilað jákvæðum árangri.

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2013 voru sett markmið um að veltufé frá rekstri stæði undir skuldbindingum og fjárfestingum, og markmið um hagræðingu í rekstri um sem næmi verðlagsbreytingum. Þessi markmið gengu eftir.

Eftir gildistöku nýrra sveitarstjórnarlaga 1. janúar 2012 samþykkti bæjarráð á 556. fundi sínum í ágúst markmið um að standast ákvæði sveitarstjórnarlaga og reglugerðar um fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga (sbr. 64. gr. laga nr. 138/2011, Reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga, júní 2011). Stefnt er að því að á árinu 2018 náist jafnvægi í rekstri bæjarfélagsins og að á árinu 2021 verði skuldir og skuldbindingar A og B hluta komnar niður í 150% af reglulegum tekjum.

Ofangreind stefna hefur verið höfð að leiðarljósi við gerð fjárhagsáætlunar 2014-2017 og eftirfarandi samþykkt bæjarráðs frá 27. ágúst sl.:

- a) að vinna fjárhagsáætlun fyrir árin 2014-2017 þannig að veltufé frá rekstri standi undir samanlagðri fjárhæð samningsbundinna afborgana skulda, skuldbindinga og fjárfestinga.
- b) að halda fjárfestingum, viðhalds- og endurnýjunarverkefnum í lágmarki.
- c) að auka ekki rekstrarútgjöld umfram verðlagsbreytingar.
- d) að verðbæta þjónustugjöld og gjaldskrár.
- e) að vinna aðgerðaáætlun fyrir hvern mánuð með áætlun um út- og innborganir.
- f) að gera áætlun um hvernig staðið verður að frekari kaupum eigna af Eignarhaldsfélaginu Fasteign.
- g) þá verður tímabundið viðbótarálag á fasteignaskatt felld niður frá og með 1. janúar 2014.

FORSENDUR FJÁRHAGSÁÆTLUNAR

Við gerð fjárhagsáætlunar voru eftirfarandi gögn höfð til hliðsjónar sem forsendur áætlunarinnar:

1. Sex mánaða rekstraryfirlit 2013 borið saman við fjárhagsáætlun.
2. Tekjuáætlun 2014 - 2017
 - a. Fasteignamat 2014
 - b. Þróun fasteignagjalda (nýbyggingar)
 - c. Upplýsingar frá Jöfnunarsjóði um framlög
 - d. Verðbólguþá
 - e. Vísitölubreytingar frá síðustu ákvörðun um gjaldskrá
 - f. Mannfjöldaáætlun / íbúafjöldi
 - g. Staða og horfur á vinnumarkaði
3. Launaáætlun 2014 -2017 – tekið mið af breytingum á starfsmannahaldi milli árana 2013 og 2014.
4. Fjárfestingaáætlun 2014 – 2017.
5. Viðhaldsáætlun 2014 – 2017.
6. Aðrir þættir/breytingar sem kunna að hafa áhrif á reksturinn.

Sex mánaða rekstraryfirlit sýndi að rauntölur voru í samræmi við áætlun ársins.

Fasteignamat ársins 2014 hækkar skv. Fasteignamati ríkisins að meðaltali um 2,3% frá árinu 2013 en milli árana 2012 og 2013 hækkaði fasteignamat að meðaltali um 4,8%. Ákveðið hefur verið að fella niður viðbótarálag á fasteignaskatt sem lagt var á árin 2012 og 2013. Skoðun á framkvæmdum og nýbyggingum leiddi í ljós að ekki er að vænta viðbótarfasteignagjalda sem nokkru nemi vegna nýrra bygginga á árinu 2014 en endurmat bygginga hækkar fasteignamat lítillega.

Gert er ráð fyrir að fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði verði 0,5% af fasteignamati húss og lóðar og lækki þannig um 25% frá árinu 2013.

Gert er ráð fyrir að tekjulágir elli- og örorkulífeyrisþegar njóti áfram afsláttar af fasteignaskatti.

Gert er ráð fyrir að holræsagjald verði óbreytt frá árinu 2013 eða 0,3% af fasteignamati húss og lóðar.

Gert er ráð fyrir að lóðarleiga á íbúðarhúsnæði verði óbreytt milli ára eða 1,5% af fasteignamati lóðar á íbúðarhúsnæði og 2% af atvinnuhúsnæði.

Gert er ráð fyrir að vatnsgjald verði óbreytt milli ára eða 0,3% af fasteignamati húss og lóðar.

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að þjónustugjöld hækki að jafnaði um 3,9%.

Áætluð framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna ársins 2014 liggja fyrir vegna tekjujöfnunarframlaga, almennra jöfnunarframlaga til reksturs grunnskóla, framlaga vegna sérþarfa fatlaðra nemenda, framlaga vegna nýbúafræðslu, framlaga vegna almennra húsaleigubóta, framlaga vegna sérstakra húsaleigubóta og framlaga vegna jöfnunar fasteignaskattstekna. Við fyrri umræðu um fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 3% hækkun framangreindra framlaga en útgjaldajöfnunarframlag er minna en gert var ráð fyrir. Áætlaðar tekjur nema 176,5 mkr. sem er lækkun um 4,4% frá árinu 2013.

Þá var við fyrri umræðu alls óvíst hver framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk yrðu. Gert var ráð fyrir 75 mkr. og samkvæmt upplýsingum frá Jöfnunarsjóði vill svo til að framlagið verður 75 mkr. eins og áætlun gerði ráð fyrir. Um er að ræða heildarframlag til félagsþjónustuvæðis Sandgerðis, Garðs og Voga, auk þess sem gert er ráð fyrir að tekjur til málaflokksins af útsvarsstofni sveitarfélaganna þriggja nemi 25,5 mkr. Tekjurnar þyrftu að vera 150 mkr. til að standa að öllu leyti undir þeirri þjónustu sem áætluð var. Af þeirri upphæð voru 109 mkr. áætlaðar vegna einstaklingssamninga á grundvelli þjónustumats. Þar sem framlögin standa ekki undir öllum kostnaði er gert ráð fyrir 18 mkr. lægri kostnaði vegna einstaklingssamninga, sem hefur í för með sér að einhverjar tafir kunna að verða á því að fólk fái fulla þjónustu. Framlag bæjarfélaganna þriggja á félagsþjónustuvæðinu er tæpar 32 mkr. umfram tekjur og þar af er hlutur Sandgerðis 12,1 mkr.

Við gerð fjárhagsáætlunar er tekið mið af verðbólguþá þjóðhagspár Hagstofu Íslands frá júní sem gerir ráð fyrir 3% hækkun neysluverðsvísitölu og 5,6% hækkun launavísitölu.

Einnig er horft til íbúapróunar og stöðu á vinnumarkaði, m.a. til þess að áætla útsvarstekjur. Íbúar voru 1591 þann 1. október og hafði þá fjölgað um 11 frá sama tíma í fyrra. Það er í sjálfu sér ekki mikil fjölgun en íbúum hefur fækkað á hverju ári fram að þessum tíma frá árinu 2008 en þá voru íbúar 1750 og höfðu þá aldrei verið fleiri. Íbúum hefur fækkað um 9% frá árinu 2008. Áætluð er 2% fjölgun íbúa árið 2014.

Það sem af er árinu 2013 er meðalatvinnuleysi í Sandgerði 7% (var 5,7% í byrjun október) en 4,5% á landinu öllu. Spá fyrir árið 2014 gerir ráð fyrir 4,4% atvinnuleysi á landinu öllu. Búast má við að atvinnuleysi verði að meðaltali 6% í Sandgerði á árinu 2014 skv. greiningaraðilum.

Bæjarstjórn ákvað á 338. fundi 1. október sl. að álagningarhlutfall útsvars fyrir árið 2014 yrði óbreytt frá fyrra ári eða 14,48%. Áætlun um útsvarstekjur tekur mið af áætlun um íbúafjölgun og minnkandi atvinnuleysi og er gert ráð fyrir að útsvarstekjur hækki um 5%. Vegna breytinga á innbyrðis skiptingu tekjuskatts ríkis og útsvarshluta sveitarfélaga sem samið var um milli ríkis og sveitarfélaga í kjölfar flutnings á þjónustu við fatlað fólk til sveitarfélaga er fyrirhuguð breyting á lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Breytingarnar gera ráð fyrir að heimila hækku útsvarsstofns um 0,04% og gert er ráð fyrir að álagningarhlutfall tekjuskatts lækki um sama hlutfall. Hækkunin rennur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og er áætlað að breytingin skili milli 400 og 500 mkr. Heimild til að ákveða útsvarsstofn lengist til 31. desember. Fyrir bæjarstjórn liggur tillaga um að hækka útsvarsstofninn um 0,04% verði breytingarnar að lögum fyrir áramót.

Á árinu 2014 eru áætlaðar tekjur vegna sölu á 0,02% eignarhluta bæjarfélagsins í HS veitum. Gert er ráð fyrir að söluhagnaður verði 13,6 mkr.

Launaáætlun tekur mið af áætluðum hækkunum vegna kjarasamninga, breytingum á starfsmannahaldi milli ára 2013 og 2014 og er síðan framreiknuð fyrir árin á eftir.

Fjárfestingaáætlun 33 mkr. tekur eingöngu til ársins 2014 og mun áætlun um fjárfestingar hinna ára sem áætlunin nær til verða tekin til skoðunar við gerð næstu fjárhagsáætlunar.

Áætlun um kostnað vegna viðhalds eigna eru ívið hærri en á árinu 2013 og er það vegna nauðsynlegs viðhalds eigna.

A- OG B- HLU TI BÆJARSJÓÐS

Fjárhagsáætlanirnar samanstanda af A hluta – aðalsjóði og eignasjóði, og B hluta, fjárhagslega sjálfstæðum rekstrareiningum í eigu sveitarfélagsins, þ.e. hafnarsjóði, fráveitu, vatnsveitu, félagslegum íbúðum og bílastæðasjóði.

Gert er ráð fyrir að rekstrarniðurstaða A- og B- hluta án fjármagnsliða verði jákvæð um 152,3 mkr. en með fjármagnsliðum verði hún neikvæð um 39,2 mkr. Þessar niðurstöður eru innan skekkjumarka 10 ára áætlunar.

Gert er ráð fyrir að rekstrarniðurstaða aðalsjóðs, A-hluta, fyrir fjármagnsliði verði jákvæð um 71,4 mkr. en rekstrarniðurstaða með fjármunatekjum og fjármagnsgjöldum verði neikvæð um 46 mkr.

Gert er ráð fyrir að heildartekjur ársins 2014 nemi 1.615 mkr. sem er aukning um 5% miðað við áætlun ársins 2013.

Gert er ráð fyrir að laun og launatengd gjöld nemi 651,5 mkr. sem er hækkun um 2,6% miðað við áætlun ársins 2013.

Í lok október 2013 voru 122 starfsmenn á launaskrá í 95 stöðugildum auk 40 nefndarmanna og 13 lausráðinna starfsmanna í liðveislu. Þá störfuðu 66 manns við sumarvinnu. Við gerð launaáætlunar er ekki gert ráð fyrir launagreiðslum vegna þjónustusamninga, sem ekki hefur verið gengið frá við fatlað fólk, þar sem óljóst er hvers eðlis þeir samningar verða. Kostnaður vegna þessa er áætlaður í öðrum rekstrarkostnaði.

Gert er ráð fyrir að annar rekstrarkostnaður nemi 652,7 mkr. sem er aukning um 11,3% miðað við áætlun ársins 2013. Þetta er veruleg hækkun umfram þau markmið sem sett eru um að annar rekstrarkostnaður hækki ekki meira en sem nemur verðlagsbreytingum. Hækkunin skýrist af aukinni þjónustuþörf fatlaðs fólks. Ef sá viðbótarkostnaður er dreginn frá hækkar annar kostnaður um 3% sem er í samræmi við þau markmið sem sett hafa verið.

Gert er ráð fyrir að afskriftir lækki um 5% frá áætlun ársins 2013. Lækkunin er að mestu leyti vegna lækkunar á afskriftarhlutfalli eigna sem keyptar voru af Eignarhaldsfélaginu Fasteign.

Áætlað er að veltufé frá rekstri nemi 224,4 mkr. Veltuféð stendur þannig undir samanlagðri fjárhæð samningsbundinna afborgana skulda, skuldbindinga og fjárfestinga eins og gert er ráð fyrir í

markmiðum sem sett voru við gerð áætlunarinnar. Samanlagt nema þessir þættir 185,5 mkr. Hækkun á handbæru fé verður því 59 mkr.

Áætlaðar heildargreiðslur afborgana, vaxta og verðbóta af lánum nema 257,6 mkr. og áætlaðar leigugreiðslur vegna leigðra eigna nema 55 mkr.

Áætlað er að í lok árs 2014 verði skuldahlutfallið 226%.

A HLUTI – AÐALSJÓÐUR OG EIGNASJÓÐUR

00 Skatttekjur



Áætlaðar skatttekjur nema 973 mkr. en voru á árinu 2013 925 mkr. sem er 5% hækkun milli ára. Skatttekjur samanstanda af útsvari, fasteignagjöldum og lóðarleigu. Útsvarið er stærstur hluti skatttekna og er gert ráð fyrir að það nemi 574 mkr. en var áætlað á árinu 2013 541 mkr. Útsvarið er áætlað nema 59% af heildarskatttekjum. Gert er ráð fyrir 2% aukningu tekna vegna fasteignaskatts eða rúmum 11 mkr. Lóðarleiga er áætluð nema 15 mkr.

Áætluð framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga að frátöldum framlögum vegna málefna fatlaðs fólks og framlögum til húsaleigubóta eru 169 mkr. en voru skv. áætlun 2013 175 mkr. sem er lækkun um 3,4%.

02 Félagsþjónusta

Áætluð rekstrarniðurstaða félagsþjónustunnar fyrir Sandgerðisbæ er 138 mkr. og er það 8,7% hækkun milli ára. Áætluð heildarútgjöld félagsþjónustusvæðis Sandgerðis, Garðs og Voga eru 345,8 mkr. og heildartekjur 207,7 mkr. Áætlaður launakostnaður fyrir félagsþjónustuna er 146,7mkr. en var skv. áætlun 2013 136,7 mkr.

Helstu útgjaldaliðir félagsþjónustu eru:

Sameiginlegir liðir eru áætlaðir nema 17,9 mkr. og hækkar frá fyrra ári um 16%. Kostnaðarauki er áætlaður vegna tímabundinnar aukningar á starfshlutfalli starfsmanns sem hefur umsjón með fjárhagsaðstoð og stuðningi við þá sem fá fjárhagsaðstoð. Undir þennan lið fellur kostnaður við skrifstofu félagsþjónustunnar og kostnaður vegna fjölskyldu- og velferðarráðs.

Félagsleg aðstoð er áætluð nema 29 mkr. og hækkar frá fyrra ári um liðlega 3%. Undir þennan lið fellur fjárhagsaðstoð, húsaleigubætur, aðstoð til ungs fólks og afsláttur á fasteignagjöldum til elli- og örorkulífeyrisþega. Áætlað er að fjárhagsaðstoð nemi 14,6 mkr. og er óbreytt frá fyrra ári.

Þjónusta við börn og unglinga er áætluð nema 23,9 mkr. Helstu útgjöld sem falla undir þennan lið tengjast fóstrun barna en þar er gert ráð fyrir að kostnaður nemi 13,7 mkr.

Þjónusta við aldraða er áætluð nema 35,8 mkr. og hækkar frá fyrra ári um 8%. Helstu kostnaðarliðir eru félagsstarf aldraðra 26 mkr., heimaþjónusta 6,7 mkr. og rekstarframlög 3,1 mkr. Gert er ráð fyrir að niðurgreiðslur vegna máltíða í hádegi til eldri borgara geti numið allt að 300 þúsund kr.

Þjónusta við fatlað fólk er áætluð nema 33 mkr. sem er svipað og á árinu 2013.

04 Fræðslu- og uppeldismál

Áætluð útgjöld vegna fræðslu og uppeldismála eru 686,6 mkr., og er það 4% hækkun milli ára. Launakostnaður grunnskóla, tónlistarskóla, skólasels, skólabókasafns og fræðsluráðs er áætlaður 270 mkr. Annar rekstrarkostnaður nemur 422 mkr. Þar af er innri leiga 230 mkr. og rekstur leikskólans 132,5 mkr.

Helstu útgjaldaliðir fræðslu- og uppeldismála:

Til Grunnskóla Sandgerðis er áætlað að verja 476,3 mkr. sem er 5,7% hækkun frá áætlun ársins 2013. Undir þennan lið fellur auk grunnskólans rekstur Skólasels og skólabókasafns. Launakostnaður er áætlaður 231,6 mkr.

Til reksturs Leikskólans Sólborgar eru áætlaðar 165,6 mkr. sem er 8% hækkun frá fyrra ári. Kostnaður eykst vegna sérfræðiþjónustu sem áður var veitt af Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar, auk þess er kostnaðarauki vegna sérstaks stuðningsúrræðis. Samningurinn við Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar lækkar að hluta. Greiðslur vegna samnings við Hjalla ehf. nema 132,5 mkr. og innri leiga er 33,1 mkr.

Til Tónlistarskóla Sandgerðis eru áætlaðar 34,8 mkr. sem er lækkun um 3,3 mkr. frá fyrra ári og skýrist það af lækkun launakostnaðar vegna veikinda. Launakostnaður er áætlaður 30,8 mkr. Innri leiga er áætluð 4,6 mkr.

05 Menningarmál

Áætluð útgjöld vegna menningarmála eru 40,7 mkr. sem er 18,4% hækkun milli ára. Hækkunin skýrist af tilfærslu milli málaflokka, þ.e. frá æskulýðs- og íþróttamálum. Undir menningarmál fellur m.a. samkomuhús 17,7 mkr., almenningubókasafn 7,3 mkr. og Sandgerðisdagar 5,1 mkr. Stuðningur við Lionsklúbbinn, Listatorg og Kvenfélagið Hvöt kr. 5 mkr. Þar af er innri leiga 3,7 mkr.

06 Æskulýðs- og íþróttamál

Áætluð útgjöld vegna æskulýðs- og íþróttamála eru 168,9 mkr. sem er 2% aukning frá fyrra ári. Launakostnaður er áætlaður nema 64,2 mkr.

Helstu útgjaldaliðir æskulýðs- og íþróttamála:

Til vinnuskóla og sumarvinnu unglunga er áætlað að verja 14 mkr.

Til Skýjaborgar er áætlað að verja 7,8 mkr.

Til sumarnámskeiða barna er áætlað að verja 3,1 mkr. sem er nokkru meira en verið hefur. Undir þennan lið falla leikjanámskeið, skólagarðar og fleiri námskeið og afþreying fyrir börn.

Til íþróttamiðstöðvar er áætlað að verja 101 mkr. sem er hækkun um tæp 3% milli ára. Launakostnaður nemur 36,4 mkr. Tekjur eru áætlaðar 20,5 mkr. Innri leiga vegur þýngst í rekstri Íþróttamiðstöðvarinnar og er 61,4 mkr.

Til Knattspyrnufélagsins Reynis er áætlað að verja 16,8 mkr. Þar af eru beinir starfsstyrkir 4 mkr., 7,6 mkr. vegna samnings um umsjón með íþróttasvæði auk niðurfellingar fasteignagjalda, afnota af íþróttasölum og sundlaug.

Til Golfklúbbs Sandgerðis er áætlað að verja 850 þúsund kr. auk niðurfellingar fasteignagjalda.

Til forvarna er áætlað að verja 7,3 mkr. Þar af 5,2 mkr. í hvatningastyrki og 2 mkr. í þróun frístundastarfs.

07 Brunamál og almannavarnir

Áætlaður kostnaður vegna brunamála og almannavarna er 25,5 mkr. sem er 4,6% aukning frá árinu áður. Undir þennan lið fellur þátttaka í rekstri slökkviliðs og stuðningur við Björgunarsveitina Sigurvon. Innri leiga húsnæðis og búnaðar nemur 11,5 mkr.

Helstu útgjaldaliðir brunamála og almannavarna:

Til Brunavarna Suðurnesja er áætlað að verja 22,1 mkr.

Til björgunarsveitarinnar Sigurvonar er áætlað að verja 3,2 mkr. Þar af eru 1,5 mkr. í beinum fjárframlögum. Annar kostnaður er vegna niðurfellingar fasteignagjalda, flugeldasýningar og brennu. Um er að ræða heildarkostnað vegna björgunarsveitarinnar Sigurvonar en hluti hans fellur á aðra málaflokka.

08 Hreinlætismál

Áætlað er að heildarútgjöld til hreinlætismála nemi 1,1 mkr. og er það lækkun um 600 þúsund kr. frá fyrra ári. Áætlað er að tekjur vegna sorphirðingar og sorpeyðingar standi undir útgjöldum. Aðrir liðir sem falla undir hreinlætismál eru meindýraeyðing 0,5 mkr. og gámaþjónusta mkr. 1 mkr.

09 Skipulags- og byggingamál

Áætlað er að útgjöld vegna skipulags og byggingamála nemi 23,6 mkr. sem er hækkun um 3,5 mkr. frá 2013.

Helstu útgjaldaliðir skipulags- og byggingamála:

Til skipulagsmála eru áætlaðar 3,4 mkr.

Til byggingaæftirlits eru áætlaðar 11 mkr. Undir þann lið fellur starfsmanna- og nefndarkostnaður. Gert er ráð fyrir 0.5 stöðugilda aukningu.

Vegna lóða og lendna eru áætlaðar 9,2 mkr. Helstu liðir eru tækniþjónusta 2 mkr. , fasteignagjöld 3,7 mkr. af lóðum sveitarfélagsins auk 2,4 mkr. vegna innri leigu af ýmsum jörðum.

10 Umferðar- og samgöngumál

Áætluð útgjöld vegna umferðar- og samgöngumála eru 89,5 mkr. sem er 4,8% hækkun frá fyrra ári. Undir málaflokkinn fellur leiga á götum, götulýsing, viðhald gatna, snjómokstur og samgöngur milli Sandgerðis, Sveitarfélagsins Garðs og Reykjanesbæjar.

Helstu útgjaldaliðir umferðar- og samgöngumála:

Til gatnakerfis 64,5 mkr. og er þar eingöngu um að ræða innri leigu.

Til viðhalds og reksturs gatnakerfis eru áætlaðar 4,3 mkr.

Til umferðaröryggismála eru áætlaðar 8,3 mkr. og er þar að mestu um að ræða kostnað vegna götulýsingar.

Til snjómoksturs og hálkuvarna eru áætlaðar 2,4 mkr. Hér er að mestu um að ræða útselda vinnu áhaldahúss vegna snjómoksturs.

Til almenningsamgangna eru áætlaðar 9,7 mkr. Um er að ræða kostnað við strætisvagnaferðir milli Sandgerðis, Garðs og Reykjanesbæjar.

11 Umhverfismál

Áætlur kostnaður vegna umhverfismála er 31,6 mkr. og er það 9,4% hækkun frá 2013. Helstu kostnaðarliðir eru rekstur tjaldsvæðis, leikvellir og umhirða bæjarins. Kostnaðaraukning umfram verðlagsbreytingar er vegna aðildar að verkefnum við Geopark og ferðamannaveg 2 mkr.

Helstu útgjaldaliðir umhverfismála:

Til almenningsgarða eru áætlaðar 7,5 mkr. sem er innri leiga garðsins í kringum Vörðuna.

Til opinna svæða og umhverfis gatna eru áætlaðar 14,6 mkr. Undir þennan lið fellur hreinsun og umhirða bæjarins, Yndisgróður, og innri leiga opinna svæða sem nemur 5,9 mkr.

Til útivistarsvæða er áætlað að verja 5,9 mkr. en tjaldsvæðið, Geopark og ferðamannavegur fellur undir þennan lið. Innri leiga þjónustuhússins er stærsti hlutinn í kostnaðinum eða 3,3 mkr.

13 Atvinnumál

Áætlað er að verja 9,6 mkr. til atvinnumála sem er lækkun um 21,5% milli ára. Lækkunin felst í lækkun framlaga til Náttúrustofu Suðvesturlands. Áætlað er að framlag Sandgerðisbæjar verði 2 mkr. og að sameiginlegur stuðningur sveitarfélaga á Suðurnesjum verði 2,8 mkr. Aðrir liðir sem eru í þessum málaflokki eru þekkingarsetur Suðurnesja 3 mkr. vegna umsjónar með sýningum á Garðvegi 1 og framlag vegna viðhalds hússins 1,8 mkr. Annar kostnaður er m.a. vegna kostnaðarþátttöku Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

20 Framlög til B-hluta fyrirtækja

Áætluð framlög til B-hluta fyrirtækja eru 4,6 mkr. vegna félagslegra íbúða. Á árinu 2013 voru áætlaðar 19 mkr. til B- hluta fyrirtækja þ.e. 14,5 mkr. til Sandgerðishafnar og 4,5 til félagslegra íbúða.

21 Sameiginlegur kostnaður

Áætluð útgjöld vegna sameiginlegs kostnaðar eru 149,5 mkr. og er það aukning um 6% milli ára. Laun- og launatengd gjöld eru áætluð nema 72,8 mkr. sem er 5 mkr. hækkun milli ára.


Helstu útgjaldaliðir sameiginlegs kostnaðar:

Til meðferðar sveitarstjórnarmála er áætlað að verja 30,5 mkr. Helstu kostnaðarþættir eru endurskoðun, kostnaður vegna bæjarstjórnar og bæjarráðs og kostnaður vegna bæjarstjórnarkosninga.

Til skrifstofu sveitarfélagsins er áætlað að verja 99,3 mkr. Helstu útgjaldaliðirnir eru rekstur bæjarskrifstofu 71,5 mkr. þar af er innri leiga 8,1 mkr. og launakostnaður 49,8 mkr., rekstur Vörðunnar 23,5 mkr. þar af er innri leiga 19,3 mkr., innheimtukostnaður staðgreiðslu er 3,1 mkr.

Til kynningarmála er áætlað að verja 2,3 mkr. þ.a í auglýsingar 1,5 mkr..

Til ýmissa útgjalda eru liðir sem falla þvert á málaflokka og er kostnaður áætlaður 9,2 mkr. Stærsti liðurinn þar er ófyrirséð 3 mkr., lögfræðikostnaður og annar sérfræðikostnaður 3,5 mkr.



31 Eignasjóður

Undir eignasjóð fellur allur rekstur fasteigna í eigu bæjarfélagsins. Húsaleiga eignasjóðs er reiknuð að fullu miðað við þær reglur sem endurskoðendur leggja til. Við útreikning á leigu er tekið mið af afborgunum lána, afskriftum, viðhaldi og fasteignagjöldum. Leigutekjur eignasjóðs eru áætlaðar nema 488 mkr. á árinu 2014. Um er að ræða húsaleigu sem millifærast að stærstum hluta í aðalsjóð.

33 Þjónustustöð

Þjónustustöðin (áhaldaúss) tilheyrir eignasjóði. Heildarkostnaður við rekstur áhaldaúss að frádregnum tekjum er áætlaður 11,1 mkr. árinu 2014. Launakostnaður nemur 15,1 mkr.

B – HLUTA FYRIRTÆKI

41 Hafnarsjóður

Áætlaðar tekjur hafnarsjóðs eru 96,3 mkr. sem er óbreytt frá fyrra ári þó gjaldskrár hækki um 5% að aflagjaldi undanskyldu. Þróun tekna á árinu 2013 gefur vísbendingar um að ekki sé rétt að áætla hærri tekjur. Rekstrarkostnaður Sandgerðishafnar er áætlaður 55,6 mkr., afskriftir 7,5 mkr., fjármagnskostnaður 32,7 mkr. auk afborgana langtímalána 26,1 mkr. Þá er gert ráð fyrir 5 mkr. vegna fjárfestinga. Stefnt er að því að skuldbreyta lánunum og létta þannig árlega greiðslubyrði.

43 Vatnsveita

Áætlaðar tekjur vatnsveitu eru 37,7 mkr. sem er sambærilegt við árið 2013. Rekstrarniðurstaða vatnsveitu er áætluð verða jákvæð um 10 mkr. Áætlaðar afborganir langtímalána á árinu eru 7,7 mkr. Vatnsveitan stendur undir kostnaði við rekstur og skuldir. Skuldir vatnsveitu við lánastofnanir eru áætlaðar nema 154 mkr. í árslok 2014.

57 Félagslegar íbúðir

Tekjur af 16 félagslegum íbúðum eru áætlaðar 15,8 mkr. Rekstrarkostnaður er áætlaður 12,5 mkr., afskriftir 3,4 mkr. og fjármagnsliðir eru áætlaðir 9,7 mkr. Rekstrarniðurstaða félagslegra íbúða er áætluð neikvæð sem nemur 5,2 mkr. að teknu tilliti til 4,6 mkr. framlags aðalsjóðs. Leiguverð mun hækka sem svarar vísitölu neysluverðs.

61 Fráveita

Rekstrarniðurstaða fráveitu er áætluð jákvæð um 1,5 mkr. Áætlaðar tekjur fráveitu eru 35,9 mkr. Áætluð gjöld eru 14,7 mkr. auk 19,7 mkr. fjármagnskostnaðar. Skuldir fráveitu við lánastofnanir eru áætlaðar nema 235,5 mkr. í árslok 2014.

31 Framkvæmdir / fjárfestingar

Gert er ráð fyrir 33 mkr. í fjárfestingar á árinu 2014. Fjárfestingar eru í fráveitu 25 mkr., hafnarsjóði 5 mkr. og eignarsjóði 3 mkr.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2014-2017

Fjárhagsáætlun áráanna 2014-2017 er miðuð við íbúafjölda ársins 2014 og óbreyttar rekstrarforsendur. Samningur við Isavia fellur úr gildi árið 2016. Gert er ráð fyrir að árið 2014 fari fram endurfjármögnun lána í Kauphöll Íslands. Þá er gert ráð fyrir að á árinu 2014 verði teknar ákvarðanir um áframhaldandi leigu eigna eða kaup á þeim.